


## Tennissamband Íslands



**Mættir:** Helgi, Bragi, Gunnar, Ásta og Þrándur.

**Fundarritari:** Bragi

**Fundarefni:**

1. **Íslandsmót.** Skortur á umbúnaði. Dómarar eiga erfitt með að beita sér. Mikilvægt að virt sé að ekki má ræða við keppendur á meðan á leik stendur eða á milli lota. Eins má alls ekki skipta sér af leik eða dómgæslu. Sennilega er ráð að breyta reglugerð þ.a. mótstjóri hafi nægilega víðtæk völd.
2. **Reglugerð.** Reglugerð sem sett var um Íslandsmót er til bóta, en þarfnast endurskoðunar að fenginni reynslu. Til dæmis þarf að huga að stöðu þeirra sem eru búsettir erlendis.
3. **Dómaranámskeið.** Dómaranámskeið sem var haldið nýlega var vel sótt, en þátttakendur voru 19 og meðal þeirra var einn stjórnarmaður, Þrándur.
4. **Landsliðsmál.** Stjórnin vinnur að málum með sérfræðingum. Bráðabirgðaæfingar hjá strákum og stelpum þangað til.
5. **Tennis Europe landsliðsþjálfararáðstefna.** Jón Axel heldur fyrirlestur um hvað er verið að gera hér. TSÍ kostar farið. Mikilvægt er að þjálfarar miðli því sem þeir kynnast og læra á ráðstefnum til annarra þjálfara og skili stuttum skýrslum til stjórnar.
6. **Tyrkland U14.** Fá þarf skýrslu frá Jóni Axeli varðandi mótið. Árangur var góður, en framkoma í leikjum ekki alltaf til sóma og mikilvægt að taka á því.
7. **Viðbót við Tennishöllina.** Helgi fór á fund með Jónasi um stækkunina.
8. **Fjölgun Þróttarvallanna.** Fer hægt í gegnum borgarkerfið og þarf að ýta meira á.
9. **Smáþjóðaleikar 2015.** ÍSÍ hefur lítið samband við stjórn TSÍ vegna smáþjóðaleikanna.
10. **ITN listinn.** Skoða stöðu hans.

Fundi slitið.